

Sjávarútvegsráðstefnan

20. - 21. nóvember 2014

Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?

**Sanngjarnt auðlindagjald gagnvart
hverjum?**

Steingrímur J. Sigfússon

Verðmæt en takmörkuð auðlind

- Auðlind sem tilheyrir íslensku þjóðinni sameiginlega
- **1. greinin:** Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.
 - Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.
 - Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.



Frumvarp á 140. löggjafarþingi

- Markmiðsgreinin var svohljóðandi:
- Markmið, þjóðareign og meðferð réttinda.
 1. Markmið þessara laga er:
 - a. að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland,
 - b. að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi,
 - c. að treysta atvinnu og byggð í landinu,
 - d. að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu,
 - e. að sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.
 2. Nytjastofnar á íslandsmiðum eru sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Íslenska ríkið veitir tilskilin leyfi, fer með og ráðstafar hvers kyns heimildum til nýtingar. Slík veiting eða ráðstöfun myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim.

Hvers vegna auðlindagjald? I

- Auðlindanefnd árið 2000:
- „....er nefndin þeirrar skoðunar að rétt sé að stefna að greiðslu fyrir afnotarétt af öllum auðlindum sem eru í eigu ríkis eða þjóðar af tvennum ástæðum: annars vegar til að greiða kostnað ríkisins af stjórn og eftirliti með viðkomandi auðlind, hins vegar til að tryggja þjóðinni í heild sýnilega hlutdeild í þeim umframardi (auðlindarentu) sem nýting hennar skapar.“



Hvers vegna auðlindagjald? II

- Aðgangur að auðlindum sífelld verðmætari í „hungruðum“ heimi
- Spornar gegn ágengri nýtingu
- Dregur úr þörf beinnar skattlagningar á almenning
- Lágta raungengi krónunnar (efnahagsleg nauðsyn fyrir Ísland) þýðir:
 - hagsæld í sjávarútvegi/útflutningsgreinum
 - skert kaupgeta almennings
- Ísland og ekki síst íslenska ríkið með þungar byrðar eftir hrunið, þarf á tekjum að halda.
- Þjóðin er réttur handhafi, njótandi (e. beneficiary) a.m.k verulegs hluta umframárðs, rentu, sem sprettur af nýtingu sameiginlegrar þjóðarauðlindar.

Hvað er renta í sjávarútvegi?

- **Renta = EBITDA - Raunverulegur fjármagnskostnaður (árgreiðsla)**
- **EBITDA** = Söluverðmæti afla eða afurða - rekstrarkostnaður annar en bókhaldslegur fjármagnskostnaður og afskriftir
- **Raunverulegur fjármagnskostnaður** = árgreiðsla (e. annuitet) miðuð við verðmæti rekstrarfjármuna, meðallíftíma þeirra og eðlilega raunávöxtun

Hvað er sanngjarnt og gagnvart hverjum? I

- Sanngjarnt og nauðsynlegt gagnvart sjávarútveginum að hann búi við afkomu sem:
 - tryggir eðlilega ávöxtun fjármuna sem í rekstrinum eru bundnir
 - tryggi að greinin geti fjárfest og þróast
 - taki mið af því að um sveifflugjarna afkomu er að ræða
 - taki mið af því að um þjóðhagslega, atvinnu- og byggðalega undirstöðugrein er að ræða




Hvað er sanngjarnt og gagnvart hverjum? II

- Það er sanngjarnt og rétt að þjóðin/samfélagið njóti: -stærsta eða a.m.k. verulegs hluta umframárðsins, rentunnar, sem myndast í hagstæðu árferði fyrir sjávarútveginn –það er sanngjarnt og rétt að sjávarútvegurinn (eins og aðrir sem eru best aflögufærir) leggi aukalega af mörkum til að byggja upp og treysta í sessi á nýjan leik gott velferðarsamfélag á Íslandi.
- Það erum „VIÐ ÖLL“ og framtíðin sem þetta snýst allt um að lokum.

Eigið fé í sjávarútvegi


- Efnahagur sjávarútvegsfyrirtækja hefur styrkst mikið á fáum árum
- Eigið fé aukist mikið þrátt fyrir vaxandi arðgreiðslur

Eigið fé í sjávarútvegi, m.kr.



Hvernig er afkoman í sjávarútvegi?


- Afkoman hefur verið góð árin eftir hrun
- Útlitið fyrir árið 2015 er gott – verð í erlendri mynt eru há og horfur fyrir loðnuvertíð eru þokkalega góðar



Raungengið

- Raungengið er veikt í sögulegu ljósi
- Sjávarútvegur og aðrar útflutningsgreiðar hagnast á veiku gengi


Raungengi, m.v. verðlag



Hvernig eru afurðaverðin?


- Afurðaverð eru há mælt í ISK og einnig í erlendri mynt
- Sveiflur í einstökum afurðaflokkum

Verðvísitölur sjávarafurða, mælt í ISK



Sanngjörn veiðigjöld?

Veiðgjöld og arðgreiðslur í sjávarútvegi



Heimild: Fiskistofa, Deloitte

Hvað á sjávarútvegurinn að greiða?

- Eins og sýnt hefur verið fram á hér að framan hefur sjávarútvegurinn undanfarin ár búið við, sennilega lengsta samfellda góðæriskeið sögu sinnar. (hin 7 „feitu“ ár senn í húsi). Horfur eru góðar.
- Lágu og stöðugu raungengi haldið við með stjórnvaldsaðgerðum (fjármagnshöftum og inngrípum á gjaldeyrismarkaði).
- Aflabrögð og afurðaverð hvorutveggja góð í sögulegu samhengi.
- Framlegð uppá 70-80 ma.kr. eftir veiðigjöld í hálfan áratug.
- Arðgreiðslur (2 mö.kr. hærrí en veiðigjöld í heild 2013) segja sína sögu um mat eigenda sjálfra á afkomunni.
- Fimm kvótahæstu fyrirtækin (tæp 33% kvótans) með rúmlega 15 milljarða hagnað á sl. ári og greiða eigendum sínum 7 milljarða í arð.
- 5 milljarðar í almennt veiðigjald og 11-16 milljarðar í sérstakt veiðigjald er hógvær hlutdeild þjóðarinnar, eigandans, í auðlindarentunn við núverandi aðstæður/afkomu (minna en helmingur rentunnar).

Samantekt

- Samfelld og langvinnt góðæri til sjávarins. Samtala aukningar eiginfjár og arðgreiðslna væntanlega komin nokkuð á þriðja hundrað milljarða króna frá 2008 að árinu 2014 meðtöldu.
- Þjóðin/samfélagið er eðlilegur og réttur handhafi verulegrar hlutdeildar í umframarðinum, auðlindarentunni.
- Samfélagið og framtíðin í ríkri þörf fyrir að allir vel aflögufærir leggi sitt af mörkum til uppbyggingar eftir hrun.
- Veiðigjöld uppá +16 milljarða eru við núverandi aðstæður „hógvær“ hlutdeild þjóðarinnar í umframarðinum/auðlindarentunni.